

# **S A M Þ Y K K T I R**

fyrir Sparisjóð Strandamanna.

**Apríl 2014**

**EFNISYFIRLIT**

		BLS.
I.	KAFLI Heiti, heimili, varnarþing og hlutverk	3
II.	KAFLI Stofnfé, skipting þess og atkvæðisréttur	3
III.	KAFLI Útgáfa stofnfjárbréfa og eigendaskipti	4
IV.	KAFLI Breytingar á stofnfé	5
V.	KAFLI Starfsemi og fundir stofnfjáreigenda	6
VI.	KAFLI Sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri	8
VII.	KAFLI Starfsmenn	11
VIII.	KAFLI Ársreikningur og endurskoðun	12
IX.	KAFLI Um breytingar á samþykktum sparisjóðsins	13
X.	KAFLI Um slit sparisjóðsins og samruna	13

**I. kafli**  
**Heiti, heimili, varnarþing og hlutverk**

**1. gr.**

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Strandamanna ses., í samþykktum þessum nefndur Sparisjóðurinn.

**2. gr.**

Heimili Sparisjóðsins og varnarþing er að Hafnarbraut 19, Hólmavík og telst starfssvæði Sparisjóðsins samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki vera Strandasýsla.

**3. gr.**

Sparisjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur Sparisjóðsins er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum.

Samfélagslegt hlutverk Sparisjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á sínu starfssvæði.

**II. kafli**  
**Stofnfé, skipting þess og atkvæðisréttur**

**4. gr.**

Sparisjóðurinn var stofnaður 19. janúar 1891, eða fyrir gildistöku laga nr. 43/1993.

Stofnfé Sparisjóðsins er kr. 259.693.309 og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut.

**5. gr.**

Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóðnum, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisréttinum byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðsins.

Atkvæðisréttur fylgir ekki þeim stofnfjárbréfum sem Sparisjóðurinn kann að eiga sjálfur og skulu þau dregin frá þegar miða skal við heildaratkvæðamagn í samþykktum þessum. Stofnfjárhlutir eru allir að öðru leyti jafn réttháir.

**6. gr.**

Enginn stofnfjáreigandi ábyrgist skuldbindingar Sparisjóðsins umfram stofnfé sitt nema hann hafi tekið á sig frekari ábyrgðir með sérstökum löggerningi.

Stofnfjáreigendur eiga ekki hlutdeild í öðru eigin fé sparisjóðs en bókfærðu stofnfé eins og það er á hverjum tíma. Stofnfjáreigendum er óheimilt að ganga á óráðstafað eigið fé við ákvörðun arðs, sbr. 15. gr. eða ganga að óráðstöfuðu fé sjálfseignarstofnunarinnar með öðrum hætti, svo sem með innlausn eða kaupum sjálfseignarstofnunarinnar á eigin stofnfjárhlutum á hærra verði en nafnverði.

Stofnfjáreigendur þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.